

**Nd.**

**544. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um kaup á snjódreka og bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað till. þessa og meðal annars leitað álits vegamálastjóra um málið.

Vegamálastjóri var því meðmæltur, að till. næði samþykki deildarinnar, en gat þess, að enn þá væri ekki fengin nægileg reynsla fyrir gagnsemi þessara fartækja og að ekki yrði ráðist til framkvæmda nema fullar líkur væru fyrir, að þessi tæki kæmu að notum hjer á landi.

Að þessu athuguðu ræður samgöngumálanefnd háttv. deild til að samþykkja till. óbreytta.

Alþingi, 7. maí 1926.

Jón A. Jónsson,  
form., frsm.

Kl. Jónsson,  
fundaskr.

Sveinn Ólafsson. Jón Kjartansson. Hákon J. Kristófersson.